



## Innkauparáð

### ***Efni : Seljaskóli. Vinna við endurbætur húsnæðis eftir brunatjón.***

Á grundvelli b-liðar 26. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar og b-liðar 1. mgr. 39. gr. laga um opinber innkaup er óskað eftir að innkauparáð heimili samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar við Kappa ehf. um endurbætur á húsnæði Seljaskóla eftir brunatjón. Áætluð upphæð samningskaupa er um 150 mkr.

#### Greinargerð:

Þann 8. mars 2019 varð bruni í tengigangi milli húsa 7 og 9 í Seljaskóla og þann 12. maí 2019 varð svo nær alltjón á húsi 4 í eldsvoða.


Húseignir Reykjavíkurborgar eru brunatryggðar hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS). Í samningi vegna brunatrygginga er tiltekið að Reykjavíkurborg geti valið að láta tryggingafélag sjá um viðgerð eftir tjón í stað greiðslu tryggingabóta. Í samræmi við það er það verktakafyrirtæki á vegum VÍS hf., Kappar ehf., sem sér um alla þá vinnu í Seljaskóla á vegum tryggingafélagsins sem brunatrygging nær yfir.

Samhliða þeim umfangsmiklu framkvæmdum sem í gangi eru á vegum tryggingafélagsins hefur verið ákveðið að gera talsverðar breytingar á húsnæðinu sem samræmast núgildandi kröfum byggingareglugerðar, kennsluháttum og áherslum í skólastarfi í stað þess að endurgera húsnæðið nákvæmlega eins og það var fyrir bruna. Slík endurgerð felur í sér breytingar sem miða m.a. að auknu öryggi með tilliti til brunavarna, endurnýjun og breytingar lagnakerfa s.s. loftræsingar, breytingar á kennslurýmum, salernum, úrbótum á aðgengi fyrir alla og fl. Þá er búnaður allur endurnýjaður. Vegna þess hve nátengdar tæknilega þær framkvæmdir sem unnar eru á vegum VÍS eru þeim framkvæmdum sem lúta að uppfærslum umfram tryggingarfjárhæð er óskað heimildar til að semja við Kappa ehf., um að sjá einnig um þær breytingar og endurgerð á húsnæði sem ekki falla undir tryggingartjón. Ekki er talið tæknilega mögulegt fyrir aðra verktaka að taka að sér þann hluta sem kostaður er af Reykjavíkurborg þar sem um útfærslu á endurgerðinni er að ræða sem ekki er unnt að aðskilja frá þeim lagfæringum sem falla undir tryggingatjón og eru kostaðar af VÍS. Því er ekki unnt

að aðskilja lagfæringar og uppfærslur frá hvort öðru í mismunandi verk og verksamninga. Framangreint mun tryggja góðan framgang verkefnisins og lágmarka tafir og árekstra. Einnig eru lágmarkuð þau áhrif sem viðbæturnar kunna að hafa á tímalengd framkvæmda en stefnt er að því að húsnæðið verði tilbúið til kennslu eigi síðar en haustið 2020. Þá er hluti verkþátta alfarið sameiginlegur og kostnaði skipt hlutfallslega milli Reykjavíkurborgar og VÍS eftir því sem við á.

Hönnun vegna breytinganna er á lokastigi. Miðað við frumkostnaðaráætlun má gera ráð fyrir að umfang verksamningsins sé um 150 milljónir króna.

Húsgögn, tölvur og annar búnaður verður endurnýjaður í samráði við UTR og SFS og samkvæmt innkaupareglum.



Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds



Berglind Söebech, verkefnastjóri trygginga